

Alþingi  
Erindi nr. P 138/332  
komudagur 27.11.2009

27.11.2009

Heilbrigðisnefnd

Það var verið að beina athygli minni að Þingskjali 129 um heilbrigðisstarfsmenn.  
Þar er verið að feia niður Lög um starfsréttindi tannsmíða, nr. 109/2000 sbr. 32 gr.

Þessi lög fjalla um starfsréttindi klínískra tannsmíða þar sem þeim er veitt heimild að uppfylltum vissum skilyrðum til þess að starfa sjálfstætt án atbeina tannlækna m.a við smíðar á gervigómum .

Ég vil benda á að ekkert hefur verið leitað til Stéttarfélags klínískra tannsmíðameistara um umsögn eða álit yfirleitt á þingskjali 129.

Það eru tvö stéttar félög tannsmíða til á landinu. Klínískir tannsmíðameistara sem vinna og hafa unnið sjálfstætt s.l. 9 ár og þeir tannsmíðir sem ekki hafa þessi réttindi og vinna undir eftirliti tannlækna. Það er ekki verjandi að hafa aðeins samband við annað stéttarfélagið en láta sem hitt sé ekki til. Ég mótmæli harðlega að lögð sé niður heil starfsstétt án þess að láta umrædda starfsstétt vita.

Þingskja 129 Grein 15 segir " *Tannsmíðir.* Tannsmíði er löggilt iðngrein og um tannsmíði gilda lög um starfsréttindi tannsmíða, nr. 109/2000, reglugerð nr. 904/2000, um starfsréttindi tannsmíða, og reglur nr. 937/2000, um takmörkun á starfsréttindum tannsmíða. Tannsmíðir með meistararéttindi geta á eigin ábyrgð smíðað tanngóma og þá m.a. unnið að töku móta og máttun, enda séu ekki sjúklegar breytingar eða meðfæddir gallar í munni eða kjálka viðskiptavinar samkvæmt læknisvottorði, svo og gert við tanngóma og tannparta. Að smíði tannparta á eigin ábyrgð skulu þeir starfa í samvinnu við tannlækni. "

Eins og fram kemur þarna er um löggilta starfsstétt og iðngrein að ræða. Klínískir tannsmíðameistarar sem eru í Stéttarfélagi þeirra eru **ekki** í Tannsmíðafélagi Íslands. Það vekur furðu mína að Stéttarfélagi klínískra tannsmíðameistara hefur ekki fengið neitt um þetta mál og verið beðið umsagnar og álits.

Því beini ég því til Heilbrigðisnefndar að allir fái að sitja við sama borð og hinir 64 aðilarnir sem beðnir voru um umsögn og þá sérstaklega þeir sem málið snertir með alvarlegum hætti og óska eftir því að

Stéttarfélag klínískra tannsmíðameistara  
kt. 640409-1770  
Formaður Íris Bryndís Guðnadóttir  
Hátúni 8  
105 Reykjavík

fái öll gögn sem þingskj. 129 varðar og sama tíma og aðrir til umsagnar, þar sem búast má við að tími fari m.a í að skoða lagalega stöðu sína.

Með bestu kveðjum  
Bryndís Kristinsdóttir  
klínískur tannsmíðameistari